

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
86.	ZB Eimkatlar 2, ársskoðun	5,5
87.	ZD Eimkatlar 3, stórskoðun	20,0
88.	ZD Eimkatlar 3, ársskoðun	13,0
89.	ZE Eimkatlar 4, stórskoðun	32,5
90.	ZE Eimkatlar 4, ársskoðun	21,5
91.	ZF Vatnshitunarkerfi	3,2
92.	ZG Neysluvatnshylki	1,1
93.	Gasmæling, 1. geymir	4,0
94.	Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta	1,5
95.	Vottun á þrýstiraun	4,0
96.	Átaksprófanir 0-2999 kg	2,7
97.	Átaksprófanir 3000-10.000 kg	3,6
98.	Átaksprófanir yfir 10.000 kg	5,3
99.	Verklegt próf á vinnuvél	2,5
100.	Verklegt próf í notkun sprengiefna	8,0
101.	Útgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla	3,4
102.	Endurútgáfa skirteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1,7
103.	Skráning vinnuvélar	4,0
104.	Eigendaskipti vinnuvéla	1,6
105.	Yfirferð teikninga og útgáfa gerðarviðurkenningar skv. ADR.....	6,0
106.	Nýtt ADR skirteini, vottorð vegna starfsþjálfunar	3,5
107.	Endurútgáfa ADR skirteina, vottorð vegna starfsþjálfunar	1,7

20. júní 2001

Nr. 573

AUGLÝSING

um umferð í Vesturbyggð.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði hefur ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vesturbyggðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að:

1. Patreksfjörður

- Barðastrandarvegur (62) innan þéttbýlis á Patreksfirði skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu og Þórgötu að endapunkti hans á hafnarsvæði.
Við vegamót Barðastrandarvegur og Bíldudalsvegur skal umferð um Bíldudalsveg og Barðastrandarveg niður Mikladal hafa forgang.
- Hámarkshraði innan þéttbýlis á Patreksfirði skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Barðastrandarvegi (62) frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu að Arakletti vera 50 km/klst.
- Einstefna skal vera á Aðalstræti í suður frá vegamótum við Urðargötu að lóð nr. 62 við Aðalstræti.
- Tvær hraðahindranir skulu settar á Aðalstræti til móts við grunnskóla og kirkju.
- Bann er við að leggja ökutæki ofan Aðalstrætis frá Aðalstræti 21 að Aðalstræti 31.
- Bann er við að stöðva eða leggja ökutæki neðan Aðalstrætis frá Aðalstræti 8 að Aðalstræti 62.
- Biðskylda verði á Eyrargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
- Biðskylda verði á Hjöllum gagnvart umferð um Sigtún.
- Biðskylda verði á Brunnum gagnvart umferð um Sigtún.
- Biðskylda verði á Bjarkargötu gagnvart umferð um Urðargötu.

11. Biðskylda verði á Urðargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
12. Gangbraut verði þvert yfir Barðastrandarveg (62) vestanvert við göngubru yfir Mikladalsá að neðri brún Aðalstrætis á Björgum.
13. Bann við bifreiðastöðum beggja vegna Eyrargötu frá sundlaug að höfn er numið úr gildi.
14. Ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Patreksfirði sem fara í bága við þessa auglýsingu eru felld úr gildi.

II. Bíldudalur

1. Ketildalavegur (619) innan þéttbýlis á Bíldudal skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsveg (63) um Dalbraut og Tjarnarbraut að endapunkti við Lönguhlíð. Við vegamót Bíldudalsveg og Ketildalaveg skal umferð um Bíldudalsveg og Ketildalaveg niður Bíldudal hafa forgang.
2. Hámarkshraði innan þéttbýlis á Bíldudal skal vera 35 km/klst.
3. Stöðvunarskylda verði á Hafnarteigi gagnvart umferð um Ketildalaveg (619)/Tjarnarbraut.
4. Gangbraut verði yfir Ketildalaveg (619) / Dalbraut gegnt skólatröppum.
5. Brekkustígur verði botngata, lokuð við Lönguhlíð.
6. Biðskylda verði á Hafnarbraut gagnvart umferð um Hafnarteig.
7. Hraðahindrun verði sett á Ketildalaveg (619) / Dalbraut innan við Kríubakka.
8. Strandgata frá Hafnarteigi að Strandgötu 10-12 verði skilgreind sem vinnusvæði.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 20. júní 2001.

Pórolfur Halldórsson.

Nr. 574

27. apríl 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í landi Vorsabæjar, Hveragerðisbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 8. mars 2001 nýtt deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í Hveragerði. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, af Varmá í austri, af Öxnalækjarlandi í suðri og línu sem er u.þ.b. 300 metra vestan við Varmá í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 27. apríl 2001.

F. h. bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.